

Fundur samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga 29. desember 2011, kl 8.05 á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga Árnagötu 2-4, Ísafirði og í síma frá Bassastöðum í Steingrímsfirði, Reykhólum og Tálknafirði.

Mætt voru til fundar Sigurður Pétursson, Elías Jónatansson, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (í síma) Guðbrandur Sverrisson (í síma) og Gústaf Jökull Ólafsson (í síma). Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem ritaði einnig fundargerð.

1. Samningur um almenningssamgöngur

Samningur Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vegagerðar um þátttöku í almenningssamgöngum á leiðinni Reykjavík-Akureyri, lagður fram. Samningnum er ætlað tryggja almenningssamgöngur á leiðinni Reykjavík – Akureyri og felur í sér samráð landshlutasamtaka FV, SSV, SSVN og Eypings um verkefnið. Gert er ráð fyrir að framlög til FV munu nema 585.000 kr pr. mánuð og renna þau áfram til þessa verkefnis. Auk þess munu FV og SSV taka upp samráð með almenningssamgöngur um tengingu Vesturlands og Vestfjarða um Dali. Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vegagerðin munu samkvæmt samningum einnig ganga til samninga á árinu 2012 sem tryggja eiga almenningssamgöngur á Vestfjörðum. Stefnt er að gerð nýs samnings sem taki gildi 1. september 2012 þar sem felldur er saman samningur um Reykjavík – Akureyri við samningu um Vestfirði.

Samgöngunefnd samþykkir að leggja til við stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að samningurinn verði samþykktur enda er tryggt að hvorki Fjórðungssamband Vestfirðinga né sveitarfélög á Vestfjörðum sé að skuldbinda sig til að leggja til fjármuni til þessarar leiðar. Hlutur Vestfirðinga er og verði því að fullu fjármagnaður með framlagi frá Vegagerðinni/ríkinu samkvæmt samningum.

2. Samgönguáætlun 2011-2022 og 2011-2014

Innanríkisráðherra lagði þann 14. desember s.l., fram samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022 og framkvæmdáætlun fyrir árin 2011-2014. Þingsályktun um þessar áætlanir verður lögð fram á vorþingi að hálfu ráðherra og kemur þá til umsagnar.

Samgöngunefnd telur mikilvægt að bregðast við framkominni samgönguáætlun til að skýra megináherslur Fjórðungssambands Vestfirðinga, en ítarleg umsögn verði gefin þegar umfjöllun um málið hefst á Alþingi. Efni málsins rætt og samþykkt að formaður taki að sér að gera tillögu að texta sem fari til umfjöllunar innan nefndarinnar fyrir næsta fund hennar og síðan verði tillaga lögð fyrir stjórn sambandsins.

Eyrún Ingibjörg vék af fundi kl. 9.00.

3. Önnur mál

Rætt um sérleyfismál á Vestfjörðum. Samkvæmt ákvæðum samnings um almenningssamgöngur sem var til umræðu fyrr á fundinum, á nýr samningur um almenningssamgöngur innan Vestfjarða og tengingu við Vestfirði að taka gildi 1. september 2012. Rætt um samningsmarkmið þessa samnings og mögulegar leiðir í almenningssamgöngum á Vestfjörðum með tilliti til kostnaðar og nýtingar á þjónustunni. Samgöngunefnd telur að skoða verði verkefnið út frá þremur hliðum það er, í fyrsta lagi almenningssamgöngur innan samgöngusvæða á Vestfjörðum, í öðru lagi almenningssamgöngur til tengingar samgöngusvæða á Vestfjörðum og í þriðja lagi almenningssamgöngur sem tengja Vestfirði við stofnleiðina, Reykjavík - Akureyri. Kannað verði hvort hægt sé að fá fjármuni úr samgönguáætlun til að vinna þann hluta verkefnisins sem snýr að almenningssamgöngum innan hvers hinna þriggja samgöngusvæða á Vestfjörðum, sem þróunarverkefni af svipuðum toga og það verkefni sem lagt hefur verið til í samgönguáætlun að setja í einn milljarð króna á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjóra var falið að hefja undirbúning þessa verkefnis í byrjun komandi árs og fá til þess fjárstuðning frá Vegagerðinni eða í samstarfi við Vegagerðina, auk vinnuframlags samstarfsaðila FV innan stoðkerfis atvinnu og byggðaðróunar á Vestfjörðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10.00.

Aðalsteinn Óskarsson.